


Umhverfisstofnun
Áb. EE AS HG
04 NOV. 2004
40
Tilv. USTR0040600036


## Yfirlýsing stjórnar HB Granda hf.


Stjórn HB Granda staðfestir hér með að tölur og upplýsingar sem gefnar eru upp í grænu bókhaldi eru unnar úr bókhaldi fyrirtækisins og settar fram af bestu vitund starfsmanna HB Granda.

Starfsemin á árinu 2003 var með eðlilegum hætti og urðu engin teljandi óhöpp sem snerta umhverfismál.


Reykjavík 2004

  
Arni Vilhjálmsson, stjórnarformaður

  
Bragi Hannesson

  
Haraldur Sturlaugsson

Kristján Loftsson

  
Halldór Teitsson

## Greinargerð HB Granda

Allar upplýsingar sem gefnar eru upp í grænu bókhaldi fyrir árið 2003 eru unnar af Guðmundi Páli Jónssyni ásamt stjórnunarteymi fiskimjölsverksmiðjanna, Birni Jónssyni (verksmiðjustjóri fiskimjölsverksmiðjunnar HB Grandi Akranesi), Sveini Jónssyni (gæðastjóri fiskimjölsverksmiðjunnar HB Grandi Akranesi), Sigursteini Hákonarsyni (tæknistjóri fiskimjölsverksmiðjunnar HB Grandi Akranesi), Kjartani Ólafssyni (verksmiðjustjóri fiskimjölsverksmiðjunnar HB Grandi Reykjavík og Þorlákshöfn) og Gunnari Þorkelssyni.

### HB Grandi Akranesi.

Í samræmi við kvaðir í gildandi starfsleyfi fyrir fiskimjölsverksmiðju HB Grandi Akranesi, átti að liggja fyrir niðurstaða á mælingum á heildarlosun mengandi efna frá verksmiðjunni fyrir 1. sept 2004. Þar sem unnið er að endurbótum á fráveitukerfi verksmiðjunnar, þar sem m.a. verður komið fyrir fituskilju á frárennislagnir sem taka við vatni af gölfum verksmiðjunnar, var ákveðið að fá frest til þess að skila þessum niðurstöðum til 31.12.2004. UST hefur veitt þann frest. Samhliða breytingunum á frárennislakerfinu verður fráveitukerfið aðskilið frá veitukerfi Akranesbæjar og ólíuskilju komið fyrir í frárennislögn frá katlarými. Þessum framkvæmdum á að vera lokið 31.12.2004.


### HB Grandi, Reykjavík.

Í samræmi við grein 3.3. í gildandi starfsleyfi fyrir fiskimjölsverksmiðju HB Granda í Örfirisey hafa verið gerðar mælingar í samráði við Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins og Iðntæknistofnun Íslands. Þrisvar sinnum hafa verið tekin sýni til mælinga á svifögnum og COD. Niðurstöður fyrstu mælinga, þegar aðeins beinaverksmiðja var starfandi, liggja fyrir í skýrslu útgefinni af RF. Síðari mælingarnar tvær hafa ekki heppnast sem skyldi. Eftirlitsaðili hefur verið upplýstur um stöðu þessara mála. Mælingarnar verða endurteknar á þessu hausti.

### HB Grandi, Þorlákshöfn.

Þegar hefur verið unnið að flestum þeim úrbótum sem eftirlitsaðili hefur lagt til gerðar væru á verksmiðjunni í Þorlákshöfn í samræmi við starfsleyfi. Ekki hefur verið mælt magn lífrænna efna í frárennslis eins og kveðið er á um í gr. 2.15 í starfsleyfi. Ástæða þess er að erfiðlega hefur gengið að mæla þessi efni í frárennslinu frá fiskimjölsverksmiðjunni í Örfirisey og þeir aðilar sem annast þessar mælingar hér á landi hafa ekki leyst vandamál í tengslum við sýnatöku. Unnið er að lausn þessa máls í samvinnu við fulltrúa UST. Frestun hefur einnig verið veitt af fulltrúum UST, varðandi kvaðir í grein 2.17 um lýsishelda þró umhverfis lýsisgeyma, þar sem að það atriði verður leyst samhliða breytingum á höfninni í Þorlákshöfn. Þorlákshafnarbær vinnur nú að stækkun og breytingum á hafnasvæðinu sem getur leitt til að núverandi lýsisgeymar verða færðir eða nýir reistir á því svæði.

Reykjavík 12. október 2004

  
Sturlaugur Sturlaugsson  
Forstjóri

## Áhersla í umhverfismálum

**Hráefnisgæði er mikilvægur þáttur í því að framleiða gæðavöru.**

**Hjá HB Granda hf. er lögð áhersla á:**

- Að tryggja heilnæmi afurða og gæðastjórnun við framleiðslu þeirra
- Að umgangast auðlindir sjávar af ábyrgð
- Að hámarka nýtingu á hráefnum
- Að koma í veg fyrir orkusóun
- Að nota fjölnota umbúðir þar sem því verður við komið
- Að nota umhverfisvæn efni
- Að umgengni um fyrirtækið sé til fyrirmyndar

Umhverfisstofnun

## Grænt bókhald vegna ársins 2003

**Fyrirtæki:** HB Grandi hf.  
fiskimjölsverksmiðjan Akranesi  
fiskimjölsverksmiðjan Akranesi

9. SEPT. 2004

Dagsetning

Gudni Páll Gunnarsson

Undirskrift

# VSÓ RÁÐGJÖF


## Áritun Endurskoðanda.

Ég hef endurskoðað útreikninga og yfirlit upplýsingar sem fram koma í grænu bókhaldi fyrir fiskimjölsverksmiðju HB Granda á Akranesi fyrir árið 2003. Þetta er gert í samræmi við kröfur í reglugerð nr.851/2002 um grænt bókhald. Fiskimjölsverksmiðjur HB Granda, eru í flokki þeirra fyrirtækja sem falla undir viðauka þeirrar reglugerðar. Grænt bókhald er lagt fram af stjórnendum HB granda og á ábyrgð þeirra. Ábyrgð mín felst á því álitum sem ég læt í ljós á framsettum gögnum í grænu bókhaldi fyrir árið 2003 á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðunin er í samræmi við góðar endurskoðunarvenjur, en samkvæmt henni ber að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að grænt bókhald sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreina upplýsingar sem fram eru settar í græna bókhaldinu. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á útreikningum sem beitt er við mat á stærðargráðu einstakra þátta sem upp eru taldir í því. Ég tel að endurskoðunin sé nægjanleg traustur grunnur til þess að byggja á álit mitt.

Það er álit mitt að grænt bókhald fiskimjölsverksmiðju HB Granda á Akranesi, gefi glöggva mynd af umhverfisáhrifum rekstrarins fyrir árið 2003, í samræmi við góðar og viðteknar venjur í atvinnugreininni.

Reykjavík, 14. september 2004.  
VSÓ Ráðgjöf

  
Guðjón Jónsson  
efnavekfræðingur

# Grænt bókhald fyrir árið: 2003

## 1. Almennt um starfsemina

	Texti
1.1. Nafn fyrirtækis og kennitala	HB Grandi hf. kt. 541185-0389
1.2. Heimilis- og póstfang höfuðstöðva	Norðurgarði 1, 101 Reykjavík
1.3. Heimilis- og póstfang annarra starfsstöðva	Bárugata 8 -10, 300 Akranesi
1.4. GPS hnit allra starfsstöðva	
1.5. Nafn forstjóra/ábyrgðaraðila	Sturlaugur Sturlaugsson
1.6. Nöfn stöðvarstjóra eða tengiliða	Tengiliður Guðmundur Páll Jónsson , verksm.stj. Björn Jónsson
1.7. Nöfn aðila í stjórn fyrirtækisins	Arni Vilhjálmsson, Bragi Hannesson, Haraldur Sturlaugsson, Kristján Loftsson og Halldór Teitsson
1.8. Fyrirtækjaflokkur	Flokkur 6.9
1.9. Er starfsemin með gilt starfsleyfi?	Já
1.10. Gildistími starfsleyfisins, frá og til	Mars 2002 - 1. feb. 2014
1.11. Nafn útgefanda starfsleyfis og eftirlitsaðila	Umhverfisstofnun, mengunarsvið
1.12. Tímabil græns bókhalds	Árið 2003
1.13. Greinargerð fyrirtækis (vísa má í viðhengi)	Sjá viðhengi
1.14. Yfirlýsing stjórnar	Sjá viðhengi
1.15. Undirskrift endurskoðanda	Sjá viðhengi

## 2. Hráefnis og auðlindanotkun

	Hvar í fyrirtækinu?	Magn	Magn	Eining
2.1. Fjöldi starfsmanna (valfrjálst)	Fiskimjölsværmiðja á Akranesi	16		fjöldi
2.2. Fjöldi starfssvæða/starfsstöðva (valfrjálst)		1		
2.3. Stærð starfssvæða (valfrjálst)	Akranes			
2.4. Raforkunotkun		5.537.976		Kwh
2.5. Oliunotkun (svartolía, 1,85%S)		4438		tonn

Almennt

2.6. Gasnotkun	Brennarar	650	kg
2.7. Notkun jarðhitavats og jarðgufu	Þvottur, upphitun	24.340	m <sup>3</sup>
2.8. Notkun á köldu vatni	Þrif, löndun	81.036	m <sup>3</sup>
2.9. Notkun á sjó	kæling	1.500.000	m <sup>3</sup>
2.10. Heildarhráefnisnotkun		97.000	tonn
2.11. Notkun á innfluttu hráefni			
2.12. Notkun eitrefna & hættulegra efna	verksmiðjunni	Sjá 6.6.	
2.13. Notkun umbúða og þökkunarefnis	Stórsekkir, pappíropokar	13700	kg
2.14. Fjöldi farartækja og vinnuvéla	lyftari/verksmiðja	4	stk
2.15. Önnur hráefnis eða orkunotkun			

### 3. Áhrifapættir og losun

Losun efna og meðhöndlun úrgangs	Efnisheiti eða lýsing	Magn (bókhaldsár)	Magn (meðalár)	Eining per tonn
3.1. Losun efna í andrúmsloft	Koltvísýringur (CO <sub>2</sub> )	2003	13758	tonn
	Brennisteinsdíoxíð (SO <sub>2</sub> )	2003	164	tonn
3.2. Losun efna í yfirborðsvatn/grunnvatn/sjó	sjá greinargerð fyrirtækisins			
3.3. Losun efna í holræsakerfi sveitarfélags	sjá greinargerð fyrirtækisins			
3.4. Magn úrgangs til förgunar	óflokkað	35		tonn
3.5. Magn úrgangs til endurvinnslu	timbur/málmur	16		tonn
3.6. Magn spilliefna til förgunar	úrgangsolía	1200		kg
3.7. Magn mengandi efna í framleiðsluvörum				

Helstu áhrifapættir í umhverfismálum	Heiti eða lýsing	Aldur (fyrsta notkunarár)	Ástand
3.8. Fráveitukerfi eða skólprör (þar sem við á)	Fráveitukerfi	1997	gott
3.9. Hreinsun fastefna úr fráveitu (þar sem við á)			
3.10. Fituskiljur (þar sem við á)	Fituskilja fyrir löndunarvatn (Redox 70 )	1994	gott
3.11. Olíuskiljur (þar sem við á)			

Almennt

3.12. Rotþrær (þar sem við á)	Engar		
3.13. Olíu/bensínafgreiðslubúnaður (þar sem við á)	1000 l. dagtankur, díselolía	1994	gott
3.14. Olfugeymar (þar sem við á)	20 tonna daggeymir (eign Oliudreifingar)	1997	gott
3.15. Varaafsstöð (þar sem við á)	Nei		
3.16. Kælikerfi - slökkvikerfi (þar sem við á)	Nei		
3.17. Lofthreinsibúnaður (þar sem við á)	Loft er hreinsað með brennslu í gufukötlum	1997	gott
3.18. Lyktareyðingarúnaður (þar sem við á)	Loft er hreinsað með brennslu í gufukötlum	1997	gott
3.19. Varnir gegn hávaða (þar sem við á)	stjórnrymi einangrað, kaffistofa	1997	gott
3.20. Annar búnaður er snertir mengunarvarnir			

**4. Umhverfismál (valfrjálsar upplýsingar nema að ákvæði í starfsleyfi segi til um annað)**

4.1. Er fyrirtækið með viðurkennt eða vottað umhverfisstjórnunarkerfi?

Svar:

Nei

4.2. Er fyrirtækið með skriflega umhverfisstefnu?

Svar:

Hjál. eru áherslur fyrirtækisins í umhverfismálum ( sjá fylgiskjal )

4.3. Hefur fyrirtækið sett sér skrifleg markmið í umhverfismálum?

Svar:

Áherslur í umhverfismálum (sjá fylgiskjal )

4.4. Hefur fyrirtækið sett sér skrifleg markmið er varða auðlinda- og hráefnisnotkun?

Svar:

Sjá áherslur í umhverfismálum



Almennt

4.5. Er til skrifleg áætlun um að draga markvisst úr myndun úrgangs?

Svar:

Nei

4.6. Er markvisst reynt að koma úrgangi í endurnotkun, endurvinnslu eða endurnýtingu?

Svar:

Já, flokkun úrgangs í samræmi við kröfu sveitarfélags

4.7. Hafa starfsmenn fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem unnið er með?

Svar:

Já, allir starfsmenn upplýstir af gæðastjóra (lífefnafræðingur) um hættur og öryggisblöð liggja fyrir.

4.8. Hafa starfsmenn kynnt sér bestu fánlegu tækni fyrir starfseminu?

Svar:

Já, - á fundum, ráðstefnum og starfsþjálfun

4.9. Voru tekin sýni til greininga á mengunarefnum á árinu (mæliniðurstöður sem ekki er ákvæði um í starfsleyfi eru valfrjáls)

Svar:

Nei, mælingar eru í undirbúningi í samræmi við kröfur í starfsleyfi

4.10. Hafa komið í ljós óæskileg mengunaráhrif vegna stöðvarinna?

Svar:

Lyktarmengunartilfelli hafa komið upp, en ávallt leyst í góðri samvinnu við starfsmenn Umh.st.

4.11. Hafa orðið mengunaráhöpp hjá fyrirtækinu á bókhaldsárinu?

Svar: Á árinu hafa komið upp örfá tilfelli við uppskipun kolmunna og loðnu þar sem frárennsli mengar (fór í sjóinn). Þegar hefur verið gripið til aðgerða sem eiga að koma í veg fyrir þetta

4.12. Er til viðbragðsáætlun vegna mengunaráhappa hjá fyrirtækinu?

Svar:

Nei, en viðbragðsáætlun hafnarinnar er notuð í þeim tilfellum sem mengunaráhapp verður innan hafnarsvæðis.

4.13. Hefur fyrirtækið tekið þátt í öðrum umhverfisverkefnum sem ástæða þykir til að nefna?

Svar:

Ótal mörgum, - hreinni framleiðslutækni, verkefni á vegum Iðntæknistofnunar og Rannsóknarstofnunar fiskiðnaðarins

4.14. Hefur fyrirtækið sótt um undanþágu frá færslu græns bókhalds?

Svar:

Nei

## 5. Önnur atriði (valfrjálsar upplýsingar nema að ákvæði í starfsleyfi segi til um annað)

5.1. Aðkoma starfsmanna að vinnunni við grænt bókhald

Grænt bókhald er unnið af stjórnunarteymi fiskimjölsverksmiðjunnar

5.2. Vinnuumhverfi og öryggismál starfsmanna

Í góðu lagi

5.3. Er notast við hreina framleiðslutækni eða bestu fánlegu tækni í starfseminni

Já - meðal annars heitloftsburrkun með varmaskiptum

5.4. Notkun skaðlausra og umhverfisvænna stoðefna í framleiðsluvörðunni

Stöðugt er leitast við að nota skaðminni efni í framleiðslunni

5.5. Niðurstöður vistferilsgreininga á framleiðsluvörðum

5.6. Fjárhagslegir þættir svo sem sparnaður og fjárfestingar

5.7. Áhættumat

5.8. Jarðvegsmengun frá því áður en núverandi rekstraraðili tók við starfseminni

Árin 1995-1996 og 1997 þegar verksmiðuafköstin voru aukin úr 450 tonnum í 1000 tonn á sólarhring fór fram mikill uppgröftur vegna byggingaframkvæmda á svæðinu, alls engin mengun kom fram í jarðvegi.

5.9. Kvartanir yfir lykt og hávaða frá starfseminni

sjá 4.10

5.10. Næringarefnaofauðgun og súrefnisþurrð vegna fráveitu frá starfseminni

Engar vísindalegar rannsóknir hafa að okkar vitneskju verið gerðar á þessu, en vísun til 5.11.sem að okkar mati bendir ekki til að svo sé.

5.11. Minnkun á líffræðilegum fjölbreytileika tegunda sem umhverfiráhrif frá starfseminni

Lífríki í sjó hafnarvæðisins er mjög fjölbreytt og fiskigengd mikil og hefur svo verið alla tíð, sem elstu menn muna.

## Grænt bókhald 2003

## Nafn fyrirtækis og kennitala

HB Grandi hf.Akranesi 541185-0389

## 6. Sértæk skráning fyrir fiskmjölsiðnað

	Skýring	Magn (bókhaldsár)	Magn (meðalár)	Eining
6.1. Tegund verksmiðju	Fiskimjölsverksmiðja	2003		
6.2. Framleiðslumagn	Hágæðamjöl LT	11250		tonn
	Standard mjöl	2240		tonn
	NSM-mjöl	2430		tonn
	Lýsi	6024		tonn
6.3. Móttekið fiskmeti	Loðna	55668		tonn
	Kolmunni	26746		tonn
	Síld	7330		tonn
6.4. Móttekinn fiskúrgangur	Bein	7009		tonn
6.5. Sundurliðun á efni og aðföngum	Umbúðir, stórsekkir og pappírspokar	13750		kg
	Þrávarnarefni	1600		kg
6.6. Sundurliðun á notkun hættulegra efna	Vídisódi	11.550		kg
	Ediksýra	205		tonn
	Saltpéturssýra	7000		kg
	Formalín	3560		kg
6.7. Sundurliðun á losun mengandi efna	sjá greinargerð			
6.8. Sundurliðun á meðhöndlun úrgangs (sjá 3.4., 3.5., og 3.6.)	öflokkað sorp			
	timbur			
	bortamálmur			
6.9. Sundurliðun á notkun lyfja				
6.10. Tegund viðtaka eftir starfsstöðvum				